

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o.fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64 16. desember 1943, er gjald fyrir tilkynningar o.fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu hér með ákveðið þannig:

	Kr.
1. Fyrir tilkynningu um nýskráningu hlutafélaga og samvinnufélaga	4 000
2. Fyrir tilkynningu um skráningu, breytingu eða afskráningu firma	1 500
3. Fyrir tilkynningu varðandi prókúruumboð	1 500
4. Fyrir tilkynningu um breytingu á hluta- og samvinnufélagi	500
5. Fyrir auglýsingu um lausar stöður, allt að 5 dálksentimetrum	800
6. Fyrir auglýsingu um embætti og sýslanir allt að 4 dálksentimetrum	600
7. Fyrir tilkynningu um skráningu kaupmála	500
8. Fyrir fjármark (brennimark innifalið)	400
9. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	250
10. Fyrir tilkynningu um útdrátt í happdrætti allt að 7 dálksentimetrum	1 150
11. Fyrir stefnu allt að 20 dálksentimetrum	3 400
12. Fyrir dómsbirtingu í opinberu máli	3 400
13. Fyrir áskorun	1 000
14. Fyrir auglýsingu um nauðungarsölu	1 000
15. Fyrir auglýsingu um framhald uppboðs	1 000
16. Fyrir innköllun (auglýsingar um lok skipta og nauðasamningsumleitana innifaldar)	3 000
17. Fyrir auglýsingu um þinghald vegna staðfestingar nauðasamnings	1 500
18. Fyrir auglýsingu um skiptafund eða vedhafafund	1 000

Annað efni sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með 185 krónum fyrir hvern dálksentimetra.

Myndmót, sem nota þarf við prentun auglýsingar, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. júlí 1992. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing um gjald fyrir tilkynningar o.fl. nr. 415 14. ágúst 1991.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. júní 1992.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.